

REGLUGERÐ

um innflutning og innflutningsleyfi.

1. gr.

Innflutningur á vöru og þjónustu til landsins skal vera óheftur nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Séu í gildi innflutningstakmarkanir á einstöku sviði skal þó heimilt að flytja til landsins vörur sem ætlaðar eru fyrir sendiráð erlendra ríkja og aðra sem samkvæmt lögum, milliríkjasamningum eða venju njóta hér tollfrelsis. Ákvæði þetta á þó ekki við um vörur sem hætta telst á að smitefni geti borist með til landsins.

2. gr.

Pegar undanþágur eru veittar frá innflutningshömlum skal innheimt sérstakt 1% gjald, leyfisgjald, af þeirri fjárhæð sem um ræðir hverju sinni. Gjaldið skal innheimt af þeim aðila sem hefur milligöngu um gjaldeyrissölu vegna innflutningsins og skilað í ríkissjóð eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

3. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vöru eða hafa milligöngu um greiðslu til útlanda fyrir vöru eða þjónustu sem háð er innflutningstakmörkunum nema undanþága hafi fengist fyrir innflutningnum.

4. gr.

Á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 88/1992, um innflutning, er innflutningur eftirtalinna vörutegunda óheimill nema til komi undanþága frá viðskiptaráðuneytinu:

Tollskrárn.
9603.9000

Vörutegund
Burstar og sópar.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 5. gr. laga nr. 88/1992, um innflutning, og öðlast gildi 1. desember 1992. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 313/1990, með síðari breytingum, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

Viðskiptaráðuneytið, 26. nóvember 1992.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.